

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háafell ehf Ísafjarðardjúpi



Dags eftirlits	11.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Háafell ehf	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Hafnarstræti 9-13 - þriðja hæð	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5201993149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gauti Geirsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirliti: 1) Ekki var tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar um útsetningu seiða í kvíar í Seyðisfirði árið 2024. 2) Hvíldarsýnartöku var skilað inn seint. 3) Ársyfirliti var skilað inn seint. 4) Lekabytta var ekki undir efnunum og olíutunnu í pramma í Skarðshlíð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfi Háafells ehf. Ísafjarðardjúpi tekur til eldis á laxfiskum. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 6.800 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma kvíar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Sex frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Heildarframleiðsla ársins 2024 var 7.003 tonn og fódurnotkun var 8.256 tonn. Útsetning á seiðum í kvíar í Seyðisfirði var frá apríl til september árið 2024 samkvæmt mælaborði hjá MAST. Útsetning var ekki tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar með tveggja vikna fyrirvara og er það frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfinu. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfinu, ársyfirlitinu var skilað inn 29. ágúst 2025 og er frávikin því lokað. Grænu bókhaldi var skilað inn 10. apríl 2025. Útstreymisbókhaldi var skilað inn 29. apríl 2025.
- Grunnsýnataka var framkvæmd árið 2024 og skýrsla gerð árið 2025. Rekstraraðili þarf að tilkynna til Umhverfis- og orkustofnunar um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara og þá þarf einnig að skila inn upplýsingum um vöktun eldissvæðisins. Grunnsýnatakan barst ekki fyrir útsetningu og er það frávik, vöktunin barst til Umhverfis- og orkustofnunar 29. ágúst 2025 og er því frávikin lokað. Fosfórslosun fyrir árið 2024 reiknaðist út frá fódri 7,2 kg P/tonn.
- Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.
- Farið var í skoðunarferð á kvíar og í pramma í Ísafjarðardjúpi. Í Ytra Kofradýpi var verið að slátra upp úr kvíjum og einungis fiskur eftir í tveimur kvíum. Engin fódur prammi var við eldissvæðið Seyðisfjörður, en til stóð að færa pramma frá Ytra Kofradýpi á Seyðisfjörð þegar búið væri að slátra upp úr kvíunum við Ytra Kofradýpi. Prammi var við Skarðshlíð og er hann landtengdur.

7. Um borð í prammanum í Skarðshlíð vantaði lekabyttur undir efni og olútunnu og er það því frávik.
8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara.
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Vöktun fyrir útsetningu seiða í Seyðisfjörð árið 2024 barst ekki tveimur vikum fyrir útsetningu. Vöktunin barst 29. ágúst 2025 er því frávikin lokað.
Gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 29. ágúst 2025 og er frávikin því lokað.
Gr. 3.12 í starfsleyfi.	Olútunna var án lekabyttu á fóðurpramma við Skarðshlíð, einnig voru önnur efni í vélarrúmi án lekabyttu.

ÁBENDINGAR

Ein ábending: Rekstraraðili var minntur á að samkvæmt gr. 3.2 í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfis- og orkustofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.10.2025

Auður Eyberg Helgadóttir